


## Vagnhöfði 7 Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Lögð fram fyrirspurn V66 ehf., dags. 4. júlí 2023, um að stækka lóðina nr. 7 við Vagnhöfða út í borgarlandið, samkvæmt tillögu Arkís dags. 15. júní 2023.



AR2040



Gildandi deiliskipulag (2005)



Loftmynd (júlí 2022)

## Skipulagsleg staða

### Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt AR2040 er Vagnhöfði 7 á atvinnusvæði AT1a (Höfðar-Vestur).


### Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði*, samþykkt í borgarráði þann 1. júní 1999 ásamt síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreyting vegna Vagnhöfða 7 var samþykkt þann 16. júní 2005 en þá voru lóðarmörk lóðarinnar (og allra lóðanna nr. 7-23) færð nær götu.

## Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að breyta deiliskipulagi þannig að lóð nr. 7 við Vagnhöfða verði stækkuð að götu (Dvergshöfða) sbr. meðfylgjandi skissu. Markmiðið breytingunni er að bæta aðkomu að húsinu og svæði til aflestunar vöruflutningabíla og gáma. Gert er ráð fyrir því að svæðið verði steipt og afgirt plan. Skv. fyrirspurn nemur stækkunin 216,9 m<sup>2</sup> og verður heildarstærð lóðar þar með 3344,9 m<sup>2</sup>.



Skissur með fyrirspurn

## Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sbr. erindið, á eigin kostnað.

Ef lagnir eru innan svæðisins þarf að merkja lagnakvaðir inn á uppdrátt og þinglýsa þeim á mæliblaði í kjölfarið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri